

að ávarpa kjósendur, nje heldur kjósendurnir kost á að beina spurningum til þingmannsefna nje frambjóðenda. 120

Þessi nýju fyrirmæli, að minnsta kosti þau í 1. til 3. tölulið, eru nú að vísu ófað hagnafeldari, en ákvæði þau, sem nú gilda; en hins vegar eru í lögum þessum ýms þau ákvæði, sem miður eru heppileg og miður vel fluguð. Þar til má nefna ákvæðið í 19. grein þeirra, að þegar eigi hafa fleiri þingmannsefni boðið sig fram í einhverju kjördæmi, heldur en kjördæmið á þingmenn að kjósa, þá skuli engin kosning framfara, heldur skuli lýsa þingmannaefnin, sem boðizt hafa, kosin í einu hljóði, og má hjer til samanburðar vísa til kosningarlaganna dönsku frá 9. febr. f. á., 36. gr. Sama er að segja um þau fyrirmæli í 23. gr., að sjerhvert þingmannsefni skuli, jafnframt og hann býður sig, fram, greiða af hendi 50 kr. upphæð sem einskunar tryggingu, enda þótt hver maður, sem fullnægir kjör-gengisskilyrðum þeim, sem stjórnarskráin setur, virðist hafa stjórnskipulegan rjett til að freista hamingju sinnar sem þingmannsefni, án þess að leggja nokkuð fje í sölnurnar, í kjördæmi, þar sem ákveðin tala kjósenda styður kosningu hans. — Þá virðist og svo sem sá eptirlitsrjettur við kosningarathöfnina, sem þingmannaefnum er veittur, ýmist sjálfum eða umbodsmönnum þeirra, sje nokkuð víðtækur, og lagaður til að vekja ótilhlýðilegt og skaðlegt vantraust á kjörstjórnunum. Sömuleiðis virðast yfir höfuð fyrirmælin um kosningarathöfnina vera allt of smásmugleg og orðlengd, en þó alls ekki laus við ónákvæmni og mótsagnir.

Þóað jeg þannig verði að álíta, að lög þau sem hjer um ræðir, sje flýtsverk, sem hafi ýmsa ágalla, fæ jeg þó ekki sjeð, að þau sje alveg ónýtandi, og með því að vissulega er mikill og almennur áhugi meðal landsmanna á því að fá lögleidda heimullega atkvæðagreiðslu, og einkum þó á því, að kjörstöðum sje fjölgað, svo að mönnum sje gert greiðara fyrir að neyta kosningarrjettar síns, þá þykir mjer ísjárvert að ráða frá því, að lagt sje til að lögin hljóti staðfestingu kouungs.

Verði lögin staðfest svo snemma, að þeim verði beitt við næstu kosningar, þá verður sjálfsagt nauðsynlegt að senda upp með fyrsta póstkípi, sem fer umhverfis land á næsta ári, atkvæðakassa þá, sem um er rætt í 28. gr. laganna.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtínu og Vestur- 121**  
**amtínu um sveitfesti þurfaings.** — Med brjefi, dagsettu 23. f. m., hafid 20. nóv.  
þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyja-  
hreppi, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 15. marz þ. á.,  
sem ákveður, að Jón nokkur Pálsson skuli talinn sveitlægur í fyrnefndum hreppi.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og frekari birtingar, að jeg verð að vera yður samdóma um að styrkur sá, sem Jón Pálsson fjekk hjá hreppsnefndinni í Villingaholtshreppi vorio 1896 geti eigi talizt löglegur sveitstyrkur, er slíta skyldi sveitfesti hans, með því að það var ljóstbæði styrkveitanda og styrkþiggjanda að styrkurinn var tenginn og þeginn, ekki beint vegna þess að Jón væri bjargþrota, heldur sem skilyrði fyrir því, að hann fengi að dvelja áfram í Vesturlandeyjahreppi, og hreppsnefndinni í þessum hreppi hlýtur eptir atvikum að hafa verið ljóst, að styrkurinn var veittur og þeginn einmitt í þessu skyni, enda virðist þetta gjört að undirlagi hennar og ráðum.

Skal því framannefndur úrskurður yðar um sveitfesti Jóns Pálssonar standa óhaggaður.

Þjer hafið, velborni herra sýslumaður, í brjefi, dagsettu 25. f. m., með fylgiskjöllum, borið undir antið ágreining milli yðar og sýslumannsins í Árnessýslu um sveitfesti Jóns Pálssonar, áður í Kálfsstaðakoti í Vesturlandeyjahreppi, nú í Egilsstaðakoti í Villingaholtshreppi, og um kröfu fyrnefnds hrepps á hendur hinum síðarnefnda til endurgjalds á fátækrastryk, veittum Jóni Pálssyni seint á vetrinum 1900—1901, og er svolátandi úrskurður lagður á þetta mál:

Eptir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, er Jón Pálsson fæddur í Villingaholtshreppi á árinu 1865, en á árinu 1878 fluttist hann í Vesturlandeyjahrepp, þar sem hann dvaldi í 14 ár samfleytt, þar til á vorinu 1901, er hann fór að Egilsstaðakoti í Villingaholtshreppi. Á vetrinum 1895—96, eða seint á 9. dvalarári Jóns Pálssonar í Vesturlandeyjahreppi, tók hreppsnefndin þar sig til, er hún þóttist sjá fram á það, að hann mundi, áður en langt líði, verða bjargþrota með skyldulið sitt, og aðvaraði Bjarna bónda Magnússon á Kálfsstöðum, sem Jón var í húsmennsku hjá án leyfis eða samþykkis nefndarinnar, um, að hann mætti ekki leyfa Jóni, að vera þar lengur, en til vors 1896, því nefndin vildi ekki, eins og hún sjálf skýrir frá í brjefi til sýslumannsins í Rangárvallarsýslu, dags. 12. apríl f. á., að hann ynni sjer sveit í hreppnum. Í brjefi þessu er svo ennfremur skýrt frá, að Bjarni hafi látið Jón vita, að hann mætti ekki vera í húsmennsku framvegis, nema hann fengi til þess leyfi hreppsnefndarinnar, en er Jón beiddi um leyfið, hafi nefndin sýnað honum um það, en síðar gaf hún það eptir, að hann fengi að vera kyrr eptirleidis, eptir að hann hafði sent nefndinni skriflega yfirlýsing hreppsnefndarinnar í Villingaholtshreppi, framfærslusveit sinni, um, að honum væru veittar 10 kr. af fátækrafje þar. Á vetrinum 1898—1899 hefir Jón Pálsson, eptir skýrslu nefndarinnar, aptur orðið bjargþrota, og veitti hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi honum þá styrk. að upphæð 3 kr. 25 a., eptir að hún hafði rannsakað ástæður hans. Nefndin krafðist endurgjalds á þessum styrk hjá hreppsnefndinni í Villingaholtshreppi sem eigi svaraði þessari áskorun, en svo um sumarið næst á eptir endurborgaði Jón styrkinn sjálfur. Snemma á vetrinum 1900—1901 þrengdi eun að Jóni og hyzki hans, eptir skýrslu Bjarna Magnússonar, svo að hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi fann ástæðu til að gjöra hreppsnefndinni í Villingaholtshreppi þegar aðvart um þetta í brjefi, dagsettu 8. desbr. 1900, og heimtaði viðurkenningu fyrir sveitfesti Jóns, en í brjefi, dags. 15. jan. f. á., lýsir hreppsnefnd þessi því yfir, að Jón standi ekki í neinni skuld við hreppinn og hafi aldrei verið skrifaður í hana, þótt hún hefði 22. maí 1896 gefið yfirlýsingu, sem gengur í gagustæða átt, og játað í brjefi, dagsettu 27. desbr. 1896, að Jón Pálsson skuldi Villingaholtshreppi 10 kr. en meining nefndarinnar er sú, að sá styrkur, sem hún sjálf veitti Jóni 1896, hafi verið ólöglegur. Eptir að Jón svo var farinn í verið seinna á vetrinum 1900—1901, beiddist kona hans fátækrastryks, sem var veittur henni, eptir að hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi hafði skoðað heimilisástæður Jóns Pálssonar, að upphæð 3 kr. 05 a.; á meiri styrk var eigi þörf vegna þess, að Jón, sem hreppsnefndaroddvitinn hafði skrifað um ástand heimilis hans, færði sjálfur einhverja matbjörg heim til sín. Hreppsnefndin í Villingaholtshreppi hefir svo neitað að endurgjalda þennan styrk, vegna þess að Jón Pálsson væri þar ekki lengur sveitlægur.

Úrslit þessa máls eru uudir því komin, hvernig lítið verður á framkomu hreppsnefndarinnar 1896, og er samast, að segja, að hún sje mjög óheppileg og komi í bága við gildandi lög. Af fyrnefndri skýrslu hreppsnefndarinnar í Vesturlandeyjahreppi, dags. 12. apr. f. á., sjest, að hreppsnefndin hefir viljað hindra það, að Jón Pálsson, sem hún játar að sje mest? iðjumaður og sparsamur, vinni sjer þar sveit, og þetta virðist hún hafa viljað gjöra með burtvísun eða burtrekstri hans úr hreppnum þegar, vegna þess að hann sæti þar í ólöglegri húsmennsku, þótt hún alls eigi, að því er sjeð verður, hefði amast við honum öll

þau ár, sem hann hafði dvalið í hreppnum, þar af 4 ár sem húsmáður í Kálfsstaðakoti, að því er virðist. Það lítur samt svo út, sem nefndin hafi álitid það hepið, að þetta mundi duga, og gjörði hún sig svo ánægða með, að Jón færði henni yfirlýsing hreppsnefndarinnar í Villingaholtshreppi um, að Jón hefði þegið þar 10 kr. styrk af fátækra fje, enda hefir Jón Pálsson skýrt svo frá fyrir rjetti, að hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi hafi gjört það að skilyrði fyrir veru hans í hreppnum framvegis, að hann kæmi með vottorð um það, að hann hefði fengið hjálp af sveitarsjóði hjá framfærsluveit sinni, sbr. yfirlýsing hans, 22. maí 1896, sem fylgir málinu, en það lítur svo út, sem hreppsnefndin hafi gleynt, að skýra frá þessu í fyrnefndu brjefi sínu, dagsettu 12. apríl f. á. Jón hefir í þessu tilliti ennfremur skýrt svo frá, að hann hafi orðið að gjöra sjer tvívegis ferð útaf þessu, til hreppsnefndarinnar í Villingaholtshreppi. Hreppsnefndin þar veitti honum svo 10 krónur sem fátækrastryk, áu þess að fara í neina launkofa með það, þótt Jón Pálsson í vottaviðurvist lýsti því yfir, sbr. áður-nefndu yfirlýsing 22. maí 1896, að hann alls ekki hefði látið sjer koma til hugar, að biðja um fátækrastryk, en að hreppsnefndin í Vesturlandeyjahreppi hefði heimtað af sjer, að hann færi til fæðingarhrepps síns, Villingaholtshrepps, og tæki hjá honum sveitarlán, en að öðrum kosti yrði hann rekinn úr hreppnum; en þó svo hefði staðið á, að heimili Jóns Pálssonar hefði verið bjargarlaust og þurfandi fátækrastryks, þá hafði hreppsnefndin í Villingaholtshreppi eigi neina heimild til þess, að veita honum, sem utanhreppsmauni, styrkinn.

Hjer hefir því eigi verið veittur sveitarstyrkur á löglegan hátt, sem gæti haft þá verkun, að sveitfestisdvöl Jóns Pálssonar í Vesturlandeyjahreppi hafi slitnað við það, heldur hefir styrkurinn, að visu án heimildar í lögum, verið látinn af hendi í tilefni af lögleysu af hálfu hreppsnefndarinnar í hinum tilgreinda hreppi; hjer liggja því ekki fyrir nein gild atvik til þess, að Jón Pálsson yrði sviptur rjetti sínum til þess að vinna sjer sveitfesti í Vesturlandeyjahreppi. og er því hjer með úrskurðað, að hann skuli áltast sveitlagur í nefndum hreppi, sem þannig eigi hefir nokkra endurgjaldskröfu í þessu máli á hendur Villingaholtshreppi.

Jafnframt því þjenustusamlega að skýra yður frá þessu, yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Vesturlandeyjahreppi, skal jeg, útaf þessum ummælum yðar í fyrnefndu þóknanlegu brjefi yðar dags. 25. f. m.: »Að astæðan til þess, að Jón Pálsson fjekk sveitarstyrkinn (semsje 1896), hafi verið sú, að hann að öðrum kosti yrði að flytja sig búferlum, virðist mjer þýðingarlaust í þessu efni, því hreppsnefnd Vesturlandeyjahrepps hefir ekki gjört annað, en beitt löglegu og almennt brúkuðu meðali, til að firra sig væntanlegum sveitarþyngslum« — jafnþjenustusamlega mælast til þess, að þjer vilduð brýna fyrir hreppsnefndum í yðar sýslu, að skilyrðin fyrir því, að veita mönnum fátækrastryk, eins og þau eru ákveðin í fátækra reglugjörð 8. jan. 1834 eru þau sömu, hvort hlutaðeigandi hafi dvalið 1 eða 9 ár í hreppnum.